

Með tilliti til þessara málaloka ber að taka til greina kröfu stefnanda um staðfestingu kyrrsetningar.

Rétt er, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 18.000.00.

Dóm þenna kváðu upp Þór Vilhjálmsson borgardómari (dómsformaður), Jón Á. Bjarnason verkfræðingur og Óskar Hallgríms-son rafvirki.

Málið hefði að réttu lagi átt að reka fyrir sjó- og verzlunardómi, en í samræmi við fordæmi hefur því þó verið ráðið til lykta á bæjarþingi með sérfróðum meðdómendum.

Dómsorð:

Viðurkenndur er réttur stefnanda, Glers og Lista h/f, til að rifta kaupum á lömpum þeim, sem félagið keypti af félagsskapnum Rafbliki á árinu 1962. Stefndi, Jón Ólafsson, greiði stefnanda kr. 107.447.00 gegn afhendingu áðurnefndra lampa svo og 7% vexti p. a. frá 9. janúar 1963 til 1. janúar 1965, 6% vexti p. a. frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% vexti p. a. frá þeim degi til greiðsludags.

Framangreind kyrrsetning er staðfest.

Stefndi greiði stefnanda kr. 18.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 27. október 1967.

Nr. 166/1967. Ólafur Sigurðsson

gegn

Búðaósi h/f og Gísla Indriðasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Um staðfestingu vættis.

Dómur Hæstaréttar.

Asgeir Thoroddsen, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Með kæru, dags. 16. október 1967, sem Hæstarétti barst

18. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. mgr. 1. tl. c, laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, vitninu Gísla Indriðasyni verði synjað að staðfesta vætti sitt og að varnaraðilja Búðaósi h/f verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðili Búðaós h/f krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Með skirskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann. Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðilja Búðaósi h/f kr. 3.500.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Ólafur Sigurðsson, greiði varnaraðilja, Búðaósi h/f, kr. 3.500.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Keflavíkur 27. september 1967.

Mál þetta, sem þingfest var 18. marz 1966, er höfðað með stefnu, útgefinni 14. marz 1966, af Jónasi A. Aðalsteinssyni héraðsdómslögmanni f. h. Búðaóss h/f, Tjaldubúðum, Staðarsveit, Snæfellsnessýslu, gegn Ólafi Sigurðssyni, Skólavegi 7, Keflavík, til afhendingar á bifreiðinni Ö 750, sem er af Austin Gypsi gerð, árgerð 1962, og bóta að fjárhæð kr. 400.00 fyrir hvern sólarhring frá 1. nóvember 1964 til 1. maí 1965 og kr. 3.50 fyrir hvern ekinn kílómetra á því tímabili, kr. 450.00 fyrir hvern sólarhring frá 1. maí 1965 til 1. júní 1965 og kr. 4.00 fyrir hvern ekinn km á því tímabili, kr. 550.00 fyrir hvern sólarhring frá 1. júní 1965 til 1. október 1965 og kr. 5.00 fyrir hvern ekinn km á því tímabili, kr. 450.00 fyrir hvern sólarhring frá 1. október 1965 til 31. desember 1965 og kr. 5.00 fyrir hvern ekinn km á því tímabili auk málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins.

Málavöxtum hefur stefnandi lýst svo í stefnu og greinargerð: Með samningi, dagsettum 5. júlí 1964, afsalaði stefndi bifreiðinni Ö 750, af Austin Gypsi gerð, til stefnanda. Kaupverðið var

kr. 180.000.00, sem er sundurliðað þannig í afsalsbréfi:

1. Kaupandi greiði með hlutabréfum í Búðaósi h/f kr. 40.000.00
2. Kaupandi samþykki víxil með gjalddaga 5. okt.
1964 að fjárhæð — 70.000.00
3. Kaupandi samþykki víxil með gjalddaga 5. jan.
1965 að fjárhæð — 70.000.00

Samtals kr. 180.000.00

Er samningur þessi var gerður, vann stefndi hjá stefnanda, m. a. við bifreiðarstjórn og þá á bifreið þeirri, sem að ofan greinir. Er stefndi hætti störfum hjá stefnanda 1. nóvember 1964, segir stefnandi stefnda hafa tekið bifreiðina með sér í heimildarleysi til Keflavíkur, þar sem hann á heima, og notað hana þar í eigin þágu síðan. Hafi stefndi þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir ekki fengist til að skila bifreiðinni. Er stefnukrafan um skaðabætur byggð á því, að auk þess, að stefnda beri skylda til að skila bifreiðinni, eigi hann að bæta stefnanda afnotamissi hennar og notkun í eigin þágu. Er upphæð stefnukröfunnar miðuð við leigu fyrir hliðstæða bifreið hjá bifreiðaleigum.

Í framhaldsgreinargerð hefur stefnandi fallið frá þeirri dómkröfu, að stefndi skuli afhenda umrædda bifreið. Auk þess takmarkar hann skaðabótakröfur sínar við tímabilið frá 1. nóvember 1964 til 8. marz 1966.

Stefndi hefur krafizt frávísunar vegna vanreifunar og hæfilegs málskostnaðar í þeim þætti málsins. Þá hefur stefndi krafizt algerrar sýknu og að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins. Til vara hefur hann krafizt stórfelldrar lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að honum hafi verið heimilaðar vörzslur bifreiðarinnar, eins og á stóð. Sama dag og áðurgreint afsalsbréf fyrir bifreiðinni var gefið út, hafi stefnandi gefið út tryggingarbréf að fjárhæð kr. 140.000.00, tryggt með 1. veðrétti í bifreiðinni, til tryggingar víxlum þeim, sem kaupandi samþykkti, er bílakaupin fóru fram. Í veðbréfinu væru ákvæði um skyldu stefnanda að fara vel með bifreiðina og ekki mætti selja hana nema með samþykki veðhafa. Ekki væri þess hins vegar getið í veðbréfinu, að um sjálfsvörzsluveðsetningu væri að ræða. Þegar gjalddagi fyrra víxilsins hafi liðið, án þess að stefnandi greiddi víxilinn, kveðst stefndi hafa rætt við Gísla Indriða-

son, þáverandi framkvæmdastjóra stefnanda, um greiðslu. Gísli hafi þá vísað til stjórnarformanns stefnanda, Ólafs Finsens, er mundi sjá um greiðslu. Kveðst stefndi hafa farið til Ólafs og tjáð honum, að hann tæki bifreiðina og færi með hana til Keflavíkur, ef ekki yrði staðið í skilum með víxlana. Hafi Ólafur ekkert haft við það að athuga.

Telur stefndi, að hann hafi haft handveð í bifreiðinni og því verið heimilar vörzlur hennar vegna vanskila stefnanda á greiðslu kaupverðsins. En bifreiðin hafi verið vandmeðfarin á þessum stað og því hætt á, að veðið rýrnaði. Þarna á Tjaldbúðum séu óvenjulega miklar vegleysur, yfir sjálfan Búðaós og tvær ár að aka auk votlendis, sem aðeins sé fært á vetrum.

Einnig segir stefndi, að þegar hann tók bifreiðina af starfsstöð stefnanda, er hann hætti þar störfum, hafi engum athugasemdum verið hreyft af hálfu fyrirsvarsmanna stefnanda, hvorki þá né nokkurn tíma síðar. Ekki hafi heldur verið kært til lögreglu vegna þessa. Hafi það ekki verið fyrr en 9 mánuðum síðar, hinn 29. júlí 1965, að lögmaður stefnanda hreyfði athugasemdum. Hafi stefnandi því með algeru aðgerðarleysi sínu í 9 mánuði veitt þegjandi samþykki sitt fyrir töku bifreiðarinnar.

Enn fremur færir stefndi fram sem sýknuástæðu, að skaðabótaliður stefnukröfunnar sé byggður á rangri viðmiðun, ósundurliðaður og órökstuddur. Í reikningsgerð stefnanda sé ekki gert ráð fyrir þeim kostnaði, sem bifreiðaleiga hafi af bifreiðum sínum, svo sem eldsneytis og fleira. Skaðabótakrafan sé byggð á rangri viðmiðun, þar sem hún sé ekki byggð á raunverulegu tapi stefnanda við töku bifreiðarinnar. Skaðabótakrafan sé ekki nægjanlega rökstudd, þar sem ekki sé sýnt fram á nokkurt tjón af töku bifreiðarinnar. Varakröfu sína styður stefndi þeim rökum, að verði stefndi talinn bótaskyldur, beri honum einungis að greiða lágar bætur.

Hinn 14. júlí s.l. fóru fram vitnaleiðslur í málinu, eins og áður greindi. Kom þá fyrir dóm Gísli Indriðason, fyrrverandi framkvæmdastjóri stefnanda. Nefndur Gísli var framkvæmdastjóri Búðaóss h/f í júlí 1964, er bílkaup þau voru gerð, sem um ræðir í máli þessu. Hann hefur nú látið af því starfi, en á hlutabréf í fyrirtækinu fyrir að nafnverði kr. 25.000.00. Hlutfé fyrirtækisins upplýsir stefnandi, að nemi innborgað kr. 1½ til 2 milljónir, og hefur því ekki verið mótmælt. Þá hefur verið lögð fram í málinu á réttarskjali nr. 15 skýrsla Gísla, dagsett 30. júní 1965, þar sem fjallað er um starfrækslu stefnda hjá stefn-

anda, Búðaósi h/f. Einnig hefur verið lagt fram á réttarskjali nr. 12 bréf Gísla til lögmanns stefnda.

Við áðurgreinda vitnaleiðslu mótmælti lögmaður stefnda eiðfestingu vitnisins á þeim forsendum, að vitnið væri viðriðið málið, þar sem það hafi á umræddum tíma verið starfsmaður stefnanda og að verulegt missætti hafi komið upp á milli vitnisins og stefnda, eins og fram komi á réttarskjali nr. 15.

Lögmaður stefnanda krafðist þess aftur á móti, að nefndur Gísli fengi að staðfesta framburð sinn fyrir dómnum á þeim forsendum: 1) Að vitnið sé ekki viðriðið málið í þeim skilningi 2. mgr., 1. tl., 127. gr. eml., að synja beri því að staðfesta framburð sinn. Vitnið sé ekki í fjárhagslegum tengslum við stefnanda, ef frá séu taldar 25.000.00 krónur, hlutafé í fyrirtækinu. 2) Að ekkert það missætti sé á milli vitnisins og stefnda, sem geti haft áhrif á leyfi til staðfestingar. Á réttarskjali nr. 15 komi ekki annað fram en skýrsla vitnisins um, að stefndi hafi ekki fullnægt þeim vonum og skyldum, sem á hann hafi verið lagðar, auk rökstuðnings fyrir því. 3) Að vitnið hafi reynzt mjög stöðugt í framburði sínum.

Í 2. mgr., 1. tl., 127. gr., sbr. 2. tl. 125. gr., sbr. 1. tl., laga nr. 85/1936 er rætt um þá fjárhagslegu og siðferðislegu hagsmuni vitnis af málalokum, sem valdið geti því, að synja beri um staðfestingu fyrir dómi. Ef athugað er orðalag nefndrar lagagreinar, sést, að löggjafinn gerir nokkuð stranga kröfu til þess, að víkja beri frá þeirri almennu reglu, að vitni sé heimilt að staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti fyrir dómi, sbr. orðin „verulegu fjárhagstjóni eða alvarlegu óhagræði eða siðferðislegum hnekki“.

Eins og áður segir, var Gísli Indriðason forstjóri Búðaóss h/f, er viðskipti þau urðu, er mál þetta er sprottið af. En hann hefur nú látið af því starfi og á aðeins mjög lítinn hlut í fyrirtækinu. Hefur ekki komið fram, að hann eigi nokkrar aðrar fjárhagskröfur á hendur því eða það á hendur honum, sem máli skipta. Verður því ekki talið, að vitnið hafi slíka verulega fjárhagsmuni af málalokum, að synja beri því heimildar til staðfestingar á framburði þess fyrir dómi.

Eigi er heldur í ljós leitt neitt slíkt missætti milli vitnisins og stefnda, sem gæti haft áhrif á heimild þess til staðfestingar á framburði þess fyrir dómi.

Með vísun til framanritaðs verða mótmæli stefnda gegn stað-

festingu á framburði Gísla Indriðasonar fyrir dómi með eiði eða drengskaparheiti ekki tekin til greina.

Málskostnaðar í þessum þætti málsins hefur ekki verið krafizt.

Því úrskurðast:

Vitninu Gísla Indriðasyni skal heimilt að staðfesta framburð sinn fyrir bæjarþingi Keflavíkur hinn 14. júlí s.l. fyrir dóminum með eiði eða drengskaparheiti.

Miðvikudaginn 1. nóvember 1967.

Nr. 123/1967. **Vélsmiðja Njarðvíkur h/f**

gegn

Eyri h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Vélsmiðja Njarðvíkur h/f, er eigi mætir í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.